



FUNDARGERÐ

218. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , miðvikudaginn 3. nóvember 2021
og hófst hann kl. 14:00.

Fundinn sátu:

Ágúst Sigurðsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Rafn Bergsson, Lilja Einarsdóttir,
Valtýr Valtýsson, Ómar Sigurðsson og Hulda Karlsdóttir.

Fundargerð ritaði: Hulda Karlsdóttir, .

Í upphafi fundar lagði formaður til að við bætist liður 9. Aðgerðaáætlun Suðurlands í sorpmálum. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Ýmsar upplýsingar úr daglegum rekstri - 2101057

Hulda Karlsdóttir og Ómar Sigurðsson fara yfir ýmis rekstrarmál
Ómar og Hulda fara yfir ýmis rekstrarmál.

2. Starfsmannamál - 1901060

Ákveðið að auglýsa eftir framkvæmdastjóra á Strönd í samræmi við starfslýsingu sem lá fyrir fundinum.

3. Rekstraryfirlit 2021 - - 2104013

Rekstraryfirlit janúar til september 2021
Rekstraryfirlit frá janúar til september 2021 lagt fram.

4. Rekstraráætlun Sorpstöð 2022 - 2111003

Tillaga að rekstraráætlun 2022

Rekstraráætlun 2022 lögð fram. Gert er ráð fyrir að tekjurnar verði 189,6 m.kr. og gjöld fyrir utan fjármagnsliði 194 m.kr. Gert er ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði 30,9 m.kr. og fjárfestingar verði 27 m.kr. Samþykkt samhljóða.

Framkvæmdastjóra falið að taka saman greinargerð um reynsluna af fyrirkomulagi sorphirðu. Jafnframt er framkvæmdastjóra falið að gera verðkönnun við útvistun verkefnisins sbr. við eigin reynslu við reksturinn.

5. Brennsluofn fyrir dýrahæ og aðrar dýraleifar - 1901058

Farið yfir stöðu mála

Lagt fram minnisblað um stöðu mála. Lögð hefur verið mikil vinna í þarfagreiningu og

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large 'EÖ' at the top and several other initials below.

greiningu á kostnaði við uppsetningu á brennsluofni fyrir dýrahæ.
Í ljósi stefnu stjórnvalda um meðferð úrgangs og hugmynda um hátækni brennslu samþykkir stjórn að óska eftir viðræðum við ríkisvaldið um fjármögnun verkefnisins, enda áætlað að þjónustusvæðið verði mun stærra en núverandi starfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

6. Móttökustöð og gámaplön á starfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs - 1904010

Lagt fram minnisblað um breyttan opnunartíma á Strönd

Lögð fram tillaga að breyttum opnunartíma. Frá og með 1. apríl 2022 verði opið alla virka daga frá kl. 13-17. Á laugardögum frá kl. 11-15. Frá apríl til september verði lengri opnunartími á laugardögum frá kl. 10-16 og einn dag í viku n.t.t. á miðvikudögum til kl. 18:30. Við tillögugerð var tekið mið af skráðum komum á Strönd og opnunartíma hjá nágretta sveitarfélögum. Samþykkt samhljóða.

7. Gjaldskrár Sorpstöðvar 2021 - 1811016

Lagt fram minnisblað vegna upptöku aðgangskorta

Lagðar fram tillögur að upptöku aðgangskorta að móttökustöðinni á Strönd þann 1.1.2022. Lagt er til að allir fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjöld fái hvert ár úthlutað korti með 5m³ inneign fyrir losun á gjaldskyldum úrgangi. Samþykkt samhljóða.

8. Flokkun á lífrænum úrgangi - 1901057

Samstarfssamningur til kynningar

Samstarfssamningur um jarðgerð með Bokashi aðferð lagður fram til kynningar.

9. Aðgerðaáætlun Suðurlands í sorpmálum - 2101050

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 á Suðvesturlandi.

Lagt fram til kynningar

10. 304. stjórnarfundur SOS - 2111001

Fundargerð SOS frá 21. ágúst lögð fram til kynningar


11. 305. stjórnarfundur SOS - 2111002

Fundargerð SOS frá 21. September lögð fram til kynningar

Fundargerð yfirlesin og samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00.


Ágúst Sigurðsson


Rafn Bergsson


Ásta Berghildur Ólafsdóttir



Ólafur Pjetursson

Hulda Karls